

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Hlaðbær-Colas hr. Marini Færanleg malbikunarstöð



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	28.11.2018	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Sverrir Aðalsteinn Jónsson
<b>Fyrirtæki</b>	Hlaðbær-Colas hr. Marini	<b>Eftirlitsmaður</b>	Sverrir Aðalsteinn Jónsson
<b>Heimili</b>	Gullhella 1	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	4201871499	<b>Flokkur</b>	Malbik
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Harpa Þrastardóttir	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Hlynur Þór Hjaltason	<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið mengunarvarnaeftirlit í Marini, færanlega malbikunarstöð Hlaðbæar-Colas. Stöðin er við Keflavíkurlflugvöll eins og hún hefur ávallt verið. Í eftirlitinu komu fram þrjú frávik frá starfsleyfi. Engar ábendingar voru gerðar í eftirlitinu.

## UMFANG EFTIRLITS

Nýlega færðist útgáfa starfsleyfa og eftirlit með færanlegum malbikunarstöðvum frá heilbrigðisnefndum til Umhverfisstofnunar. Var þetta því fyrsta eftirlit stofnunarinnar með Marini malbikunarstöð Hlaðbæ-Colas. Byrjað var á að fara yfir stöðuleyfi og samráð við heilbrigðisnefnd fyrir núverandi staðsetningu. Stöðin hefur stöðuleyfi frá Mannvirkjastofnun en það er aðeins gefið út til 12 mánaða í einu. Samráð hefur ekki verið haft við heilbrigðisnefnd.

Stöðin hefur aðeins verið í framleiðslu í um tvær viku þetta árið.

Þann 10. september 2018 var framkvæmd mæling á úrblæstri frá stöðinni og voru mæligildi í samræmi við kröfur í starfsleyfi.

Samkvæmt gr. 4.1 í starfsleyfi á annað hvort að mæla ryk samfelt frá þurrk- og blöndunartækjum eða pokahús séu búin búnaði sem gefur aðvörun þegar pokar rifna. Slík mæling eða viðvörunarbúnaður er ekki til staðar og telst það því frávik frá starfsleyfi.

Samkvæmt gr. 4.1 í starfsleyfi skal rekstraraðili halda aðgengilega skrá um eigið viðhald og eftirlit eftirlit með rykhreinsibúnaði. Fram kom í eftirliti að ástand skráninga í stöðinni væri ekki með nægilega góðu móti en stefnt væri að miðlægri skráningu og yrði það verklag komið upp eftir veturinn. Telst það vera frávik frá starfsleyfi.

Samkvæmt gr. 4.2 í starfsleyfi á að mæla hávaða frá stöðinni reglulega en þessi mæling hefur ekki farið fram og telst það frávik frá starfsleyfi.

### Frávik frá

### Lýsing á frávik

Grein 4.1

Samkvæmt gr. 4.1 í starfsleyfi á annað hvort að mæla ryk samfelt frá þurrk- og blöndunartækjum eða pokahús séu búin búnaði sem gefur aðvörun þegar pokar rifna. Slík mæling eða viðvörunarbúnaður er ekki til staða

Grein 4.1

Samkvæmt gr. 4.1 í starfsleyfi skal rekstraraðili halda aðgengilega skrá um eigið viðhald og eftirlit eftirlit með rykhreinsibúnaði. Fram kom í eftirliti að ástand skráninga í stöðinni væru ekki fullnægjandi.

Grein 4.2

Samkvæmt gr. 4.2 í starfsleyfi á að mæla hávaða frá stöðinni reglulega en þessi mæling hefur ekki farið fram.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 02.01.2019



Sverrir Aðalsteinn Jónsson





